



# NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

JANÚAR 2012

# EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR.....	3
VIÐBRÖGD MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS .....	6
1 INNGANGUR.....	8
2 STOFNUN NÁTTÚRUMINJASAFNS .....	9
2.1 Aðdragandi Náttúruminjasafns Íslands .....	9
2.2 Skilgreining safns og höfuðsafns .....	10
2.3 Náttúruminjasafn – Náttúrufræðistofnun .....	11
2.4 Lög um Náttúruminjasafn Íslands .....	13
2.5 Áform um uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands .....	14
3 REKSTUR NÁTTÚRUMINJASAFNSINS.....	16
3.1 Upphaf starfsemi.....	16
3.2 Fjárveitingar til safnsins .....	17
3.3 Stefnumótun fyrir safnið .....	19
3.4 Skipting safnmuna.....	21
4 FRAMTÍÐ NÁTTÚRUMINJASAFNSINS.....	23
4.1 Áframhaldandi rekstur .....	23
4.2 Tímabundið hlé .....	24
4.3 Sameining við Náttúrufræðistofnun .....	24
4.4 Samvinna / samruni við Háskóla Íslands .....	25
4.5 Stofnun Náttúruhúss .....	25
4.6 Framtíðarsýn mennta- og menningarmálaráðuneytis .....	26

Kápu myndin er úr sýningarsal náttúrugripasafnsins í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Myndina tók August Hesselbo árið 1914.

# NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Til Náttúruminjasafns Íslands var stofnað með lögum nr. 35/2007 og er það höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Safninu er m.a. ætlað að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúru-sögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, safna munum sem henta starfsemi þess, skrá þá og varðveita. Þá á það að miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings og annast rannsóknir á starfssviði sínu. Sem höfuðsafn er því einnig ætlað að vera miðstöð safnastarfsemi á sérsviði sínu, vera öðrum náttúruminjasöfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu þeirra og samræmdri safnastefnu.

**HÖFUÐSAFN Á SVIÐI  
NÁTTÚRUFRAEÐA**

Eins og önnur höfuðsöfn, þ.e. Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands, heyrir Náttúruminjasafn Íslands undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Því er þó jafnframt ætlað að starfa náið með Náttúrufræðistofnun Íslands sem heyrir undir umhverfisráðuneyti. Ásamt því að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands og leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda hefur sú stofnun lögum samkvæmt ýmsar skyldur á sviði safnamála. Hún skal m.a. varðveita náttúrugripi, styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði og miðla til almennings þekkingu um íslenska náttúru. Samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands er Náttúrufræðistofnun ekki einungis ætlað að vera vísindalegur og faglegur bakhjarl safnsins heldur á hún einnig að leggja því til hluta safnkosts síns. Á tímabili var jafnvel gert ráð fyrir að þessar tvær stofnanir sameinuðust um húsnæði og aðstöðu.

**SKAL STARFA NÁIÐ  
MEÐ NÁTTÚRU-  
FRÆÐISTOFNUN**

Í ársbyrjun 2012 hefur Náttúruminjasafn Íslands starfað í hátt á fimmta ár. Að jafnaði hafa árleg gjöld þess numið um 20 m.kr. og er gert ráð fyrir svipuðu umfangi (22,1 m.kr.) í fjárlögum 2012. Ekki var fallist á beiðni safnstjóra um 66,7 m.kr. aukaframlag vegna sýningarhalds. Þá eru litlar líkur á því að fé fáiast á næstu árum til að koma upp framtíðarhúsnæði fyrir safnið sem hefur síðustu tvö ár haft bráðabirgðaaðstöðu í gömlu Loftskeytastöðinni á Melunum. Aðstaða þar til að varðveita, skrá, rannsaka og sýna gripi sem tengjast íslenskri náttúru er takmörkuð og setur starfsemi þar þröngar skorður. Ekki var hugsað fyrir safninu í nýjum húsakynnum Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti.

**ÁRLEG GJÖLD UM  
20 M.KR.**

Raunar má segja að starfsemi Náttúruminjasafns Íslands sé enn á upphafsreit. Starfsmenn þess eru aðeins tveir og eins er eiginlegur safnkostur þess bæði lítill og fábreytilegur, m.a. þar sem ekki hefur náðst samkomulag við Náttúrufræðistofnun Íslands um skiptingu þeirra náttúrugripa sem hún varðveitir. Af þeim sökum hefur safnið að einhverju leyti brugðið á það ráð að við á sér sambærilegum gripum og Náttúrufræðistofnun varðveitir. Stefnt er að því að hefja sýningarhald fyrri hluta árs 2012 en um það getur þó brugðið til beggja vona. Þá hefur ekki heldur tekist að koma á eðlilegu samstarfi Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar þrátt fyrir lagaákvæði um slíkt. Þvert á

**STARFSEMI ENN Á  
UPPHAFSREIT**



**SAFNIÐ UPPFYLLIR  
EKKI LÖGBUNDNAR  
SKYLDUR SÍNAR**

móti ríkir bæði tortryggni og togstreita milli þessara stofnana sem báðar gera að nokkru leyti tilkall til sömu arfleifðar, stöðu, verkefna og muna. Við þetta bætist að stefna fyrir safnið liggur enn ekki fyrir þar sem illa hefur gengið að samræma hugmyndir mennta- og menningarmálaráðuneytis og safnstjórans um uppbyggingu safnsins, áherslur og framtíðarsýn. Einnig þetta hefur hamlað mjög starfsemi safnsins. Enn sem komið er uppfyllir það því engan veginn lögbundnar skyldur sínar sem safn og höfuðsafn og vandséð er að það muni gera það að óbreyttu ástandi. Síðast en ekki síst hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti ákveðið að auglýsa stöðu safnstjóra lausa til umsóknar frá 8. maí 2012. Allt þetta veldur því að framtíð safnsins er mikilli óvissu háð.

**VANDI SAFNSINS  
FYRIRSJÁANLEGUR**

Að mati Ríkisendurskoðunar var núverandi vandi Náttúruminjasafns Íslands að hluta til fyrirsjáanlegur þegar lög um það voru sett vorið 2007 og safnstjóri ráðinn. Eins og fjármálaráðuneyti benti á í umsögn sinni um frumvarp til laga um safnið lágu þá engar áætlanir fyrir um uppbyggingu þess og rekstur eða fyrirhuguð útgjöld vegna þess. Líka var ljóst að lög um safnið og lög um Náttúrufræðistofnun sköruðust um margt. Þó var síðarnefndu lögunum í engu breytt til að skýra betur verkaskiptingu stofnananna tveggja. Ekki var heldur tryggt að þeim yrði gert að vinna náið saman að sameiginlegum verkefnum. Með stofnun Náttúruminjasafnsins var því í raun fitjað upp á nýrri stofnun sem að sumu leyti er hliðstæð Náttúrufræðistofnun. Báðum er þessum stofnunum m.a. ætlað að safna, skrá, varðveita og rannsaka muni úr íslenskri náttúru og miðla þekkingu um þá til skóla, fjölmiðla og almennings. Sömuleiðis er báðum ætlað eða a.m.k. gefinn kostur á að koma að sýningarhaldi.

**TAKA ÞARF AF SKARIÐ  
UM FRAMTÍÐ  
SAFNSINS**

Ríkisendurskoðun telur afar mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneyti og ráðherra þess taki af skarið um það hvernig starfsemi Náttúruminjasafns Íslands verði háttáð í komandi framtíð, uppbyggingu þess og umfang. Ekki verður við það búið að safnið haldist í sama horfi og undanfarin ár. Slíkt hlyti að teljast slæm nýting á fjármunum og mannauði. Að mati Ríkisendurskoðunar er vart nema um tvo kosti að ræða: Annars vegar þann að efla verulega það litla og veikburða safn sem komið hefur verið á fót, setja því raunhæfa stefnu og markmið sem bæði mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjárveitingarvaldið styðja með ráðum og dáð, tryggja eðlilegt samstarf þess við vísindalegan og faglegan bakhjarl þess, Náttúrufræðistofnun Íslands, en skýra um leið verkaskiptingu stofnananna tveggja og gera safninu þannig faglega og fjárhagslega kleift að sinna þeim meginverkefnum sem lög gera ráð fyrir. Þetta krefst þess að allir leggist á eitt og stefni einhuga að sama marki.

**NOKKRIR KOSTIR Í  
STÖÐUNNI**

Hinn kosturinn er að staldra við og nýta komandi misseri til að ígrunda framtíð safnsins, hugsanlega í öðru samhengi en undanfarin ár. Þar eru a.m.k. þrír möguleikar í stöðunni: Einn möguleiki er að fella lög um Náttúruminjasafn Íslands úr gildi, sameina safnið Náttúrufræðistofnun Íslands og fela henni þau sérstöku verkefni á sviði safna- og sýningarmála sem safninu er ætlað að sinna. Faglega og fjárhagslega virðist þessi kostur um margt álitlegur vegna þeirrar víðtæku sérfræðiþekkingar og góðu aðstöðu til rannsókna og varðveislu náttúruminja sem safninu opnaðist þar með. Slíkur samruni væri einnig í takt við stefnu stjórnvalda undanfarin ár að endurskipuleggja stjórn-sýslu og þjónustu ríkisins með sameiningu stofnana. Ekki er heldur að efa að þannig mætti flýta fyrir raunverulegri sýningar- og miðlunarstarfsemi safnsins. Sá hængur er þó á þessari lausn að þar með flyttist safnastarfið formlega frá mennta- og menning-

armálaráðuneyti eða yrði a.m.k. háð sérstakri aðkomu þess að Náttúrufræðistofnun. Annar möguleiki er að gera safnið eða sameinaða stofnun þess og Náttúrufræðistofnunar að háskólastofnun innan Háskóla Íslands með beinni aðkomu þeirra sérfræðinga sem þar starfa. Ljóst er að sú lausn er tímafrekari og flóknari í framkvæmd en hin fyrri. Að lokum er þriðji möguleikinn að endurvekja tuttugu ára gamla hugmynd um Náttúruhús sem rekið yrði á vegum ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og hýsti bæði Náttúrufræðistofnun og Náttúruminjasafnið. Óvíst er þó hversu raunhæfur sá kostur er eftir að Náttúrufræðistofnun flutti inn í nýtt húsnæði.

Hver svo sem endanleg niðurstaða verður er mikilvægt að íslenska ríkið nýti sem best þá aðstöðu og sérfræðiþekkingu sem þegar er fyrir hendi. Þar ber ekki aðeins að líta til Náttúrufræðistofnunar og Háskóla Íslands heldur einnig náttúrustofanna sem starfrættar eru víðs vegar um landið og er m.a. ætlað að aðstoða við gerð náttúrusýninga, auk þess sem þær geta gerst aðilar að sýningarsafni.

**NÝTA BER AÐSTÖÐU  
OG SÉRFRÆÐI-  
ÞEKkingu SEM ER  
FYRIR HENDI**

## ÁBENDINGAR TIL MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

### 1. MÓTA ÞARF FRAMTÍÐARSTEFNU FYRIR NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

Mikilvægt er að mótuð verði framtíðarstefna fyrir Náttúruminjasafn Íslands þar sem sérstaklega er horft til þess hvernig safnið geti sem best sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Jafnframt ber að líta til þess hvernig íslenska ríkið nýti sem best þá fjármuni sem það veitir til safnastarfa og þá aðstöðu og sérfræðiþekkingu sem ríkisstofnanir búa yfir. Við þá stefnumótun er eðlilegt að hugað sé að því hvort safninu sé ef til vill best fyrirkommið sem hluta Náttúrufræðistofnunar Íslands með náinni aðkomu safnaráðs og mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem stofnun innan Háskóla Íslands eða innan sérstaks Náttúruhúss.

Sé Náttúruminjasafninu á hinn bóginn ætlað að starfa áfram sem sérstök stofnun þarf ráðuneytið að setja því skýra umgjörð og sjá til þess að það geti unnið í samræmi við hana. Jafnframt þarf það að taka aukinn þátt í að skilgreina hvernig safninu er ætlað þróast á komandi árum miðað við það fjármagn sem veitt er til þess. Að lokum þarf að tryggja eðlilegt samstarf safnsins og Náttúrufræðistofnunar og að verksvið þessara stofnana skarist sem minnst.

### 2. VANDA ÞARF TIL VERKA ÞEGAR NÝ LÖGGJÖF ER SETT

Ríkisendurskoðun bendir á mikilvægi þess að vandað sé til verka þegar ný löggjöf er sett og nýjum stofnunum komið á fót. Þar er grundvallaratriði að vilji og stefna stjórnvalda komi skýrt fram og að lög og fjárveitingar séu í samræmi við þann vilja og þá stefnu. Einnig þarf að koma í veg fyrir að ábyrgð og verksvið stofnana skarist óeðlilega, m.a. með því að endurskoða þau lög sem helst gætu stangast á við ný lög.

# VIÐBRÖGÐ MENNTA- OG MENNINGAR- MÁLARÁÐUNEYTIS

## 1. MÓTA ÞARF FRAMTÍÐARSTEFNU FYRIR NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

„Framtíðarsýn ráðuneytisins fyrir hönd Náttúruminjasafns Íslands felst í að því verði gert mögulegt að gegna stöðu sinni sem höfuðsafn samkvæmt safnalögum og sinna með fullum sóma því hlutverki sem því er ætlað að lögum. Vonar ráðuneytið að safnið geti þróast í þá átt á komandi árum, þannig að landsmenn geti notið þjónustu safns í fremstu röð. Helstu verkefni þess ættu að vera sú miðlun, sem felst í 1. mgr. 2. gr. laga um safnið. Miðlunin þarf að miða við væntingar manna á 21. öld. Í lögnum segir: „Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.“

Til að safnið þjóni hlutverki sínu þarf að ljúka stefnumótun fyrir starfsemi þess, þannig að bæði safnið sjálft og ráðuneyti telji viðunandi. Í framhaldi af því þarf að gera áætlanir til nokkurra ára í senn um hvernig samþykktari stefnu verður hrundið í framkvæmd, meðal annars með því að tryggja nægt fé til starfseminnar og setja mál í þann farveg sem lög kveða á um.

Hugmyndir ráðuneytisins um stefnumörkun fyrir Náttúruminjasafn Íslands liggja fyrir í drögum, sem ráðherra samþykkti fyrir sitt leyti 21. janúar 2010. Drögin byggja á stefnumótunarvinnu sem hófst á árinu 2008 og voru þau send safnstjóra til kynningar og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir við.

Í umræddum drögum er áætlun sem fjallar um fjöldamargar aðgerðir á næstu árum til að byggja safnið upp. Eftirfarandi aðgerðir voru á dagskrá árin 2010 og 2011, með fyrirvara um fjárveitingar og ákvörðun stjórnvalda:

2010 Ljúka stefnu safnsins fyrir næstu ár.

- Finna húsnæði sem hentar starfsemi safnsins næstu árin.
- Hefja þarfagreiningu fyrir safnið.
- Opna vefsíðu safnsins – einfalda frumgerð með grunnupplýsingum.
- Hefja viðræður um gerð samstarfssamnings við Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Hefja almenna kynningu á nýju safni.

2011 Ljúka þarfagreiningu fyrir safnið.

- Opna tímabundna sérsýningu og/eða leigða sýningu erlendis frá.

- Funda með náttúruminjasöfnum og undirbúa stefnu náttúrusafna.
- Ljúka gerð samstarfssamnings við Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Hefja safnaþjónustu fyrir grunnskóla í lok árs.

Þótt þessi tímaáætlun hafi ekki gengið eftir, þá lýsir hún ýmsum skrefum sem ráðuneytið telur að þurfi að taka við uppbyggingu safnsins.“

## 2. VANDA ÞARF TIL VERKA ÞEGAR NÝ LÖGGJÖF ER SETT

„Ráðuneytið er sammála því að vanda þurfi til verka þegar ný löggjöf er sett, enda hefur verið leitast við að vanda þau lagafrumvörp sem mennta- og menningarmálaráðherra leggur fyrir á Alþingi. Ástæða er til að vekja athygli á því að frá haustinu 2010 tóku gildi nýjar reglur um meðferð stjórnarfrumvarpa og fer mat á þeim nú fram í forsætisráðuneytinu auk þess sem fjármálaráðuneytið metur kostnað við þau eins og áður. Þetta er liður í því að bæta lagasetningu. Hvað lög um Náttúruminjasafn áhrærir er ljóst að sumt hefur þróast á annan veg en þau gera ráð fyrir og mætti því skoða hvort þau hafi reynst nægilega vel.“

# 1 INNGANGUR

Náttúruminjasafn Íslands byggir í senn á gömlum stofni og nýjum. Uppruna þess má rekja allt til níunda áratugar 19. aldar þegar áhugafólk um náttúrugripasafn myndaði vísi að slíku safni í Reykjavík. Núverandi safn hóf þó fyrst starfsemi sína vorið 2007 eftir að Alþingi hafði samþykkt lög um það. Tæpum fimm árum síðar er safnið enn ekki opið almenningi.

## MARKMIÐ AÐ KANNA TILURÐ OG FRAM- KVÆMD LAGA UM NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

Hinn 12. september 2011 tilkynnti Ríkisendurskoðun Náttúruminjasafni Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti að stofnunin hefði ákveðið að gera forkönnun á málefnum safnsins. Hinn 20. október var síðan tilkynnt um aðalúttekt. Meginmarkmið hennar var að kanna tilurð og framkvæmd laga um safnið, skoða hvernig staðið var að stofnun þess og hvernig starfseminni hefði miðað. Sérstaklega var hugað að markmiðum safnsins og árangri. Eftirfarandi spurningar voru einkum hafðar í huga:

1. Hvernig var staðið að stofnun Náttúruminjasafns Íslands? Voru lög um safnið skýr og afdráttarlaus og tryggt að þau næðu fram að ganga?
2. Hver er framtíðarsýn mennta- og menningarmálaráðuneytis á safnið og hvernig samrýmist hún starfsemi þess, lögum um safnið og ákvæðum safnalaga?
3. Á Náttúruminjasafn Íslands framtíð fyrir sér að óbreyttu ástandi eða er vænlegri kostur að setja það í nýtt samhengi?

## LAGAHEIMILD RÍKISENDUR- SKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun sækir heimild sína til úttektar af þessu tagi í 9. gr. laga um stofnunina nr. 86/1997 sem fjallar um stjórnsluendurskoðun. Þar kemur einnig fram að slík endurskoðun felist í því „að kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi laga-  
fyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi“.

Úttektin er byggð á margvíslegum gögnum sem Náttúruminjasafn Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneyti létu í té, umræðum á Alþingi, frumvörpum og lögum um safnið. Jafnframt var fundað með starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis, safnstjóra Náttúruminjasafns Íslands, forstöðumanni Náttúrufræðistofnunar Íslands, framkvæmdastjóra safnaráðs og fleirum.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Náttúruminjasafn Íslands fengu drög að skýrslunni til umsagnar og athugasemda. Auk þess var sérstaklega óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við þeim ábendingum sem beint er til þess.

Stofnunin þakkar þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við úttektina.



## 2 STOFNUN NÁTTÚRUMINJASAFNS

### 2.1 AÐDRAGANDI NÁTTÚRUMINJASAFNS ÍSLANDS

Náttúruminjasafn Íslands hóf formlega starfsemi sína vorið 2007 þegar það tók við meginhluta þeirrar safna- og sýningarstarfsemi sem Náttúrufræðistofnun Íslands hafði áður haft. Sögu þess má þó rekja allt til ársins 1887 þegar áhugafólk um náttúrufræði og síðar Hið íslenska náttúrufræðifélag, stofnað árið 1889, tók að safna ýmiss konar náttúruminum í þeim tilgangi að „að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi, sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík“, eins og segir í lögum félagsins. Fyrstu tvo áratugina hafði safnið ekkert fast aðsetur en árið 1908 fékk það til umráða 130 m<sup>2</sup> sýningarsal í Safnahúsinu við Hverfisgötu sem þá var nýreist og að auki nokkurt geymslurými. Þarna var safnið allt til ársins 1960 og lifði að margra mati sitt blómaskeið til þessa (sjá mynd á forsíðu).

Árið 1942 samþykkti Háskóli Íslands að reisa hús fyrir safnið á háskólalóðinni og nota til þess ágóða af happdrættisfé sínu. Gert var ráð fyrir að þar færu einnig fram kennsla og rannsóknir í náttúruvísindum. Árið 1947 afhenti Hið íslenska náttúrufræðifélag ríkinu safnið svo til eignar ásamt byggingarsjóði félagsins gegn loforði um að slíkt hús yrði reist. Þar með varð safnið gert að ríkisstofnun sem heyrði undir menntamálaráðuneyti og voru ráðnir að því tveir fastir starfsmenn. Fjórum árum síðar setti Alþingi lög nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands. Samkvæmt þeim hafði safnið bæði miðlunar- og rannsóknarhlutverk, þ.e. það skyldi í senn „viða að sér sem fullkomnustu safni íslenzkra náttúrugripa og varðveita það“ og „vinna skipulagsbundið að almennum rannsóknum á náttúru Íslands“. Safnið skyldi vera opið almenningi til sýnis eigi sjaldnar en þrisvar í viku. Ekkert varð hins vegar úr byggingu safnahúss þótt lóð við hlið aðalbyggingar Háskóla Íslands, teikningar (sbr. mynd 2.1) og framkvæmdarfé lægju fyrir þar sem fjárfestingarleyfi fékkst ekki. Árið 1960 var safninu svo lokað vegna þrængsla í Safnahúsinu.

Með lögum nr. 48/1965 um almennar náttúruvísindisráðgjafi og Náttúrufræðistofnun Íslands tók Náttúrufræðistofnun við verkefnum og safngripum Náttúrugripasafnsins. Eins og nafnbreytingin ber með sér fengu rannsóknir aukið vægi. Stofnunin skyldi einkum „vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla“. Hún skyldi þó líka „koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það“ og „koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi“. Árið 1967 var safnið opnað að nýju í 100 m<sup>2</sup> bráðabirgðahúsnæði við Hlemmtorg í Reykjavík á kostnað Háskóla Íslands. Árið 1989 var öðrum jafnstórum sýningarsal bætt við.


RÚMLEGA  
HUNDRAD ÁRA  
SAGA

RÍKIÐ TÓK VIÐ  
STARFSEMI  
NÁTTÚRUGRIPA-  
SAFNSINS ÁRIÐ  
1947

Þegar umhverfisráðuneyti var sett á fót árið 1990 færðist Náttúrufræðistofnun Íslands frá menntamálaráðuneyti til þess. Í framhaldi af því voru sett ný lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, nr. 60/1992 sem tóku um sumt mið af áformum ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands að efna til Náttúruhúss í Vatnsmýrinni sem m.a. skyldi hýsa náttúrusafn. Með þessari lagasetningu var felld niður lögbundin skylda Náttúrufræðistofnunar að standa fyrir sýningum og dró þar með úr slíkri starfsemi hennar þótt hún héldi sýningarsölum opnum allt til ársins 2008.

Lögum samkvæmt hafði Náttúrufræðistofnun þó áfram víðtækt safnahlutverk, m.a. skyldi hún annast skipulega heimildasöfnun um náttúru Íslands, varðveita náttúrugripi og byggja upp aðgengilegt gagnasafn um náttúru Íslands. Þá skyldi hún „styðja við uppbyggingu sýningarsafna um náttúrufræði með upplýsingum og ráðgjöf og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings“. Að lokum var henni heimilað að gerast aðili að „sýningarsöfnum“ sem rekin eru af öðrum en ríkinu, aðstoða við gerð sýninga og lána gripi úr söfnum sínum til lengri eða skemmri tíma. Þar var sérstaklega höfð í huga aðkoma stofnunarinnar að áðurnefndu Náttúruhúsi. Áform um það verkefni náðu þó ekki fram að ganga þegar fjárlaganefnd Alþingis synjaði tillögu ríkisstjórnarinnar um fjárframlag til þess. Háskóli Íslands og Reykjavíkurborg drógu sig þar með út úr verkefninu.

## 2.1 Náttúrugripasafn Háskóla Íslands á teikniborðinu



Uppdráttur Gunnlaugs Halldórssonar að fyrirhuguðu náttúrugripasafni frá 1954.

## 2.2 SKILGREINING SAFNS OG HÖFUÐSAFNS

Árið 2001 samþykkti Alþingi safnalög nr. 106/2001. Með þeim voru í fyrsta sinn sett rammalög um safnastarfsemi hér á landi og hugtökin safn og höfuðsafn skilgreind. Fram kemur að safn sé „stofnun, opin almenningi, sem hafi það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar“. Í eigu ríkisins skyldu starfa þrjú höfuðsöfn sem

væru miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu verksviði: Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og loks Náttúruminjasafn Íslands. Til síðastnefnda safnsins hafði þá enn ekki verið efnt en til stóð að setja það á laggirnar á næstu tveimur árum. Höfuðsöfn þessi, sem öll heyrðu undir menntamálaráðuneyti, skyldi stofna með sérstökum lögum þar sem nánar væri kveðið á um starfsemi þeirra, þau skyldu vera öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Ný safnalög nr. 141/2011 voru samþykkt í lok september 2011 og munu taka gildi í byrjun árs 2013. Þar eru hlutverk og eðli safna skilgreind enn nánar en áður með hliðsjón af siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM). Hugtakið „safn“ vísar þannig til þeirra grundvallaratriða sem safnafólk um allan heim viðurkennir og vinnur eftir. Við fyrri skilgreiningu á söfnum var því nú m.a. bætt að þau séu varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og séu ekki reknar í hagnaðarskyni. Einnig kemur fram að með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknnum, sýningum og annarri miðlun sé það hlutverk safna að tryggja innlendan menningar- og náttúruarf, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningsi og fræðimönnum. Í starfi sínu skuli söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Í 4. og 5 gr. laganna er fjallað sérstaklega um höfuðsöfn, viðurkennd söfn og ábyrgðarsöfn og gerður skýr greinarmunur á söfnum annars vegar og annarri safnatengdri starfsemi, svo sem safnvísam, setrum og sýningum, hins vegar. Segir þar að safnvísar sinni safnatengdri starfsemi en uppfylli ekki öll skilyrði til að hljóta viðurkenningu sem söfn. Setur sinni að jafnaði rannsóknnum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu og sýningar séu sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinni miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknnum.

Mikilvægt er að hafa þessa flokka í huga þegar rætt er um starfsemi Náttúruminjasafns Íslands og metið hvort það uppfyllir lögbundnar skyldur sínar, ekki aðeins sem safn heldur einnig sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða.

## 2.3 NÁTTÚRUMINJASAFN – NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN

Þegar safnalög nr. 106/2001 eru gaumgæfð vekur sérstaka athygli að samkvæmt þeim hafði Náttúruminjasafn Íslands eitt þriggja höfuðsafna ekki rannsóknarskyldu og var það breyting frá upprunalegu frumvarpi til sömu laga. Safnið átti einungis að „annast kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda“. Náttúruminjasafninu var því formlega séð ekki ætlað að uppfylla öll þau meginskilyrði sem safnalögin sjálf gerðu til eiginlegra safna, þ.e. að safna, varðveita, rannsaka og miðla. Rannsóknarstarfseminni var ætlað að vera áfram hjá Náttúrufræðistofnun. Að þessu var vikið í athugasemdum við 2. gr. frumvarps til laga um Náttúruminjasafn Íslands sem lagt var fyrir Alþingi 31. október 2006: „Í safnalögum er ekki samræmi milli safna og höfuðsafna hvað verkefni og verksvið snertir. [...] Ljóst þykir að höfuðsafn verður að uppfylla grundvallarskilyrði safna samkvæmt safnalögum og því er nú lagt til að Náttúruminjasafn hafi rannsóknarhlutverk.“

**NÝ SAFNALÖG TAKA  
GILDI 1. JANÚAR  
2013**

**MISRÆMI MILLI  
SAFNA OG  
HÖFUÐSAFNA**

**FALLIÐ VAR FRÁ  
HUGMYND UM  
ENDURSKOÐUN  
LAGA UM NÁTTÚRU-  
FRÆÐISTOFNUN**

Í meðförum Alþingis á safnalögum varð önnur veigamikil breyting á málefnum Náttúruminjasafnsins, þ.e. í endanlegum lagatexta var fellt brott það ákvæði til bráðabirgða að safnið yrði ekki sett á laggirnar „fyrir en endurskoðun er lokið á lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er miðar að því að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar. Sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Endurskoðun laga nr. 60/1992 ber að ljúka innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara“. Í safnalögunum er ekkert kveðið á um endurskoðun laga um Náttúrufræðistofnun. Þar er einungis tekið fram að Náttúruminjasafn Íslands fái þá fyrst stöðu höfuðsafs þegar sett hafi verið sérlög um safnið. Þar til skuli forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði.

**SAFNASTARFSEMI  
„KJÖLFESTAN“ Í  
STARFSEMI  
NÁTTÚRUFRÆÐI-  
STOFNUNAR**

Með þeim breytingum sem Alþingi gerði við afgreiðslu sína á safnalögum var augljóslega tekið tillit til sjónarmiða þeirra sem óttuðust að hið nýja Náttúruminjasafn færi um of inn á verksvið annarra stofnana, einkum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þau sjónarmið komu skýrt fram í álit forstjóra Náttúrufræðistofnunar á frumvarpi til safnalaga frá 31. janúar 2001. Þar vakti hann m.a. athygli á því að yrði Náttúruminjasafninu gert að annast heimildasöfnun, kynningu og rannsóknir á íslenskri náttúru fengi það að mörgu leyti sama hlutverk og Náttúrufræðistofnun. Hann taldi þó ótækt „að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar“ enda fæli hún í sér „kjölfestuna í allri starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands“: „Verði þessi starfsemi skilin frá stofnuninni verður lítið eftir af henni og vafasamt hvort grunnur sé fyrir áframhaldandi rekstri hennar.“ Að lokum benti hann á að héldi Náttúrufræðistofnun áfram að annast heimildasöfnun, rannsóknir og vísindasöfnin væri vandséð hvers vegna Náttúruminjasafnið heyrði undir menntamálaráðherra en vísindasöfnin, rannsóknir og heimildasöfn undir umhverfisráðherra. Svipaðar hugmyndir birtust í álit Náttúruverndar ríkisins á frumvarpi til safnalaga. Sérstaklega taldi sú stofnun óæskilegt að flytja yfirumsjón með náttúrugripasöfnum frá umhverfisráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

**TOGSTREITA  
STOFNANA**

Í þessum orðum kristallast sú togstreita sem æ síðar hefur einkennt umræðu um Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands og samskipti þeirra. Er mögulegt að skipta verkum með þessum náskyldu stofnunum, sem báðar gera um margt tilkall til sömu arfleifðar, stöðu, verkefna og rannsóknarmuna, og mynda tvær sjálfstæðar og fullburða einingar eða hljóta þær óhjákvæmilega að draga afl hvor frá annarri og jafnvel ógna rekstrar- og tilverugrundvelli hvor annarrar? Er eðlilegt að Náttúruminjasafnið sinni rannsóknum á íslenskri náttúru og Náttúrufræðistofnun safnastarfsemi? Er með góðu móti unnt að skipta þeim náttúrumunum sem Náttúrufræðistofnun varðveitir í „vísindagripi“ annars vegar og „sýningargripi“ hins vegar?

Af gögnum frá ráðuneyti menntamála allt frá árinu 2000 og umræðum á Alþingi um frumvörp til laga um Náttúruminjasafn Íslands á árunum 2001 til ársins 2007 má ráða að þessi álitamál lágu ljós fyrir allt frá upphafi. Skýrt kemur þetta fram í minnisblaði sérfræðings í menntamálaráðuneyti til menntamálaráðherra frá 12. september 2006:

Náttúrufræðistofnun hefur haft áhyggjur af fyrirhuguðu rannsóknarstarfi Náttúruminjasafns en ekki er síður ástæða til að hafa áhyggjur af safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar. Það verður því að telja heppilegast að kveðið sé skýrt á um það að almenn safnastarfsemi sé ekki lengur á könnu Náttúrufræðistofnunar og 8. greinin [í lögum um Náttúrufræðistofnun] verði því felld úr gildi samtímis því að lög um Náttúruminjasafn Íslands verða samþykkt.

Þess ber að geta að umrædd 8. gr. laga um Náttúrufræðistofnun lýtur að möguleikum stofnunarinnar til að gerast aðili að svokölluðum „sýningarsöfnum“, aðstoða við gerð sýninga og lána til þeirra gripi úr söfnum sínum. Samkvæmt athugasemdum við frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, sem lagt var fyrir 133. löggjafarþing 2006–07, urðu þessi og önnur álitamál einmitt til að tefja framlagningu þess frumvarps. Þar kemur fram að „vandasamt reyndist að leysa úr þeim vandamálum sem fylgja aðskilnaði og verkaskiptingu Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar [...]. Mörg þau verkefni sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur á sinni könnu eiga einnig við um Náttúruminjasafn sem höfuðsafn“. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði þurft að leysa úr þessum vanda áður en lög um Náttúruminjasafn Íslands voru samþykkt og starfsemi þess hafin.

**SKÝRA VERKA-  
SKIPTINGU SKORTIR**

## 2.4 LÖG UM NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS

Sú aðgreining Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns sem vikið var að í frumvarpi til safnalaga 2001 og frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands hefur aldrei verið fullkomnuð með endurskoðun laga um Náttúrufræðistofnun Íslands, enda hefur ekki náðst samkomulag um slíkt. Með lögum nr. 35/2007 um Náttúruminjasafn Íslands var á hinn bóginn leitast við að eyða áður nefndri mótsögn safnalaga að þetta höfuðsafn uppfyllti ekki öll skilyrði safna. Samkvæmt þeim átti það ekki einungis að „annast kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda“ heldur líka að varðveita og skrá náttúrumuni og sinna rannsóknum á þeim, sbr. 2. gr. laganna.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aftar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu.

Hafa ber í huga að menntamálaráðuneyti leit svo á að rannsóknarhlutverk Náttúruminjasafns Íslands greindist um margt frá rannsóknarhlutverki Náttúrufræðistofnunar. Þar má m.a. geta ræðu menntamálaráðherra á Alþingi 13. nóvember 2006 þegar frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands var lagt fram: „Rannsóknir safna beinast [...] oft að því að setja rannsóknarefnið í eitthvert samhengi sem nýta má síðan til að kynna og miðla upplýsingum til almennings og menntastofnana. Náttúruminjasafni Íslands er ekki ætlað að stunda frumrannsóknir eða grunnrannsóknir á náttúru landsins. Til þess eru aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir, eins og Náttúrufræðistofnun Íslands“.

**AFMÖRKUN OG  
TILGANGUR SAFNA-  
RANNSÓKNA**

Með því að gera Náttúruminjasafn Íslands að fullgildu höfuðsafni án þess að endurskilgreina verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands jókst í raun og veru skörun þessara

stofnana enn meir en verið hafði. Um leið kváðu lögin á um náð samstarf þeirra sem eins og áður hefur komið fram heyra undir sitt hvort ráðuneyti. Náttúrufræðistofnun skyldi ekki aðeins verða „vísindalegur og faglegur bakhjarl Náttúruminjasafnsins“ heldur skyldu stofnanirnar einnig „hafa með sér náð samstarf sem skal grundvallast á sérstöku samkomulagi milli þeirra.“

#### NÁTTÚRUMINJASAFN SKYLDI FÁ GRIPÍ SEM HAFA „FYRST OG FREMST SÝNINGAR- GILDI“

Með þessu var leitast við að tryggja að sú mikla þekking og reynsla sem Náttúrufræðistofnun Íslands byggi yfir vegna rannsókna sinna og samstarfs við náttúrugripasöfn nýttist safninu og að það fengi stuðning stofnunarinnar meðan það væri að slíta barnskónum, svo að vísað sé í minnisblað frá menntamálaráðuneyti til menntamálanefndar Alþingis frá 9. febrúar 2007. Í lögum um Náttúruminjasafnið var loks kveðið á um það í ákvæði til bráðabirgða að gripir sem við gildistöku laganna tilheyrðu Náttúrufræðistofnun Íslands og hefðu „fyrst og fremst sýningargildi“ skyldu eftir gildistöku laganna vera á forræði Náttúruminjasafns Íslands samkvæmt samkomulagi stofnanna. Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins var í þessu sambandi vikið sérstaklega að þeim munum sem komu frá náttúrugripasafni Hins íslenska náttúrufræðifélags: „Ekki er óeðlilegt að gert sé ráð fyrir að flestir þeirra renni til hins nýja Náttúruminjasafns.“

#### EKKERT SAMSTARF NÁTTÚRUMINJA- SAFNS OG NÁTTÚRUFRAEÐI- STOFNUNAR

Af öllu þessu má ljóst vera að Náttúruminjasafnið hefur allt frá upphafi átt talsvert undir góðu samstarfi og samkomulagi við Náttúrufræðistofnun. Slíkt samstarf hefur þó ekki komist á til þessa og raunar hafa samskipti stofnananna tveggja alls ekki orðið til að skjóta styrkum stoðum undir safnið. Þvert á móti hafa þau yfirleitt einkennst af tortryggni og togstreitu. Þetta endurspeglast vel í svonefndri SVÓT-greiningu á stöðu Náttúruminjasafnsins (þ.e. greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnum og tækifærum) sem unnin var vegna stefnumótunarvinnu þess. Í fyrstu drögum að slíkri stefnu (frá 18. júní 2008) var „Skörun á starfsemi við Náttúrufræðistofnun Ísl.“ nefnd meðal helstu ógna við safnið. Í næstu drögum (frá 24. sept 2009) hafði eftirfarandi ógn bæst við: „Náttúrufræðist. Ísl. hefur hafið sýningahald“. Að samstarfi við þessa stofnun var hins vegar ekki vikið í tengslum við styrk safnsins eða tækifæri.

Þess ber að geta að SVÓT-greiningin var felld brott í tillögu mennta- og menningarmálaráðuneytis að stefnumótunarskjali frá janúar 2010. Það bendir til þess að ráðuneytið hafi ekki felld sig við þá afstöðu til Náttúrufræðistofnunar sem fyrstu stefnumótunarskjöl safnsins vitnuðu um. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins mun það einnig hafa hvatt safnstjóra allt frá upphafi starfs að hefja sem fyrst viðræður um samband og samstarfssamning safns og stofnunar. Það hefði hins vegar ákveðið að koma ekki að málinu fyrr en á síðari stigum ef þörf yrði á.

## 2.5 ÁFORM UM UPPBYGGINGU NÁTTÚRUMINJASAFNS ÍSLANDS

Í minnisblaði til menntamálaráðherra frá 23. september 2004 leitaðist einn af sérfræðingum ráðuneytisins m.a. við að eyða þeim útbreidda misskilningi að Náttúruminjasafni Íslands væri ætlað að vera af svipuðum toga og náttúrugripasafnið sem Náttúrufræðistofnun starfrækti við Hlemm, þ.e. „fyrst og fremst sýning á náttúrugripum“: „Þetta er grundvallarmisskilningur því hlutverki og umfangi fyrirhugaðs Náttúruminjasafns Íslands er helst hægt að líkja við umfang og hlutverk Þjóðminjasafns Íslands.“

#### HUGMYNDR UM UMFANG OG HLUTVERK



Í framhaldi af þessu var tekið sérstaklega fram að stofnun Náttúruminjasafns Íslands kostaði mikil fjárútlát og að taka þyrfti pólitíska ákvörðun um hversu miklu mennildu til kosta. Innan menntamálaráðuneytis var einkum horft til tveggja möguleika, sbr. minnisblað úr ráðuneytinu frá 28. júlí 2005 þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum þarfagreiningar fyrir væntanlegt safn.

## HÖFUÐSAFN Á BORÐ VIÐ ÞJÓÐMINJASAFN

Tillaga A gerði ráð fyrir að byrjað yrði frá grunni með safnahúsi sem hýsti stjórnun og fræðistörf, fræðslu og kennslu, forvörsluverkstæði og geymslur, sýningarhúsnæði og sýningarsal. Áætlaður var starfsmannafjöldi fyrir hverja einingu, samtals um 25–35 starfsmenn, og nefnt að umfang safnsins sem höfuðsafns yrði varla mikið minna en umfang Þjóðminjasafns.

Tillaga B gerði ráð fyrir að nýttar yrðu ýmsar stofnanir Háskóla Íslands, t.d. Jarðvísindastofnun og Líffræðistofnun, auk fleiri stofnana á sviði náttúrufræða, m.a. Náttúrufræðistofnun, Veðurstofa og Skógrækt ríkisins. Með því móti yrði Náttúruminjasafn Íslands eins konar „sammengi margra vísindastofnana“ og samnýta mætti ýmsa þætti safnastarfsins með stofnununum. Hafa mætti t.d. forvörslu og ýmsar frumrannsóknir sameiginlegar með Náttúrufræðistofnun en rannsóknir safnsins sjálfs tengdust fyrst og fremst fræðslu og sýningum. Í þessari tillögu var gengið út frá því að starfsmenn safnsins þyrftu lauslega áætlað að vera 10–15 fyrst í stað. Kom fram að ráðherra hefði samþykkt að þessi leið yrði skoðuð í lagasmíðinni.

## „SAMMENGI MARGRA VÍSINDASTOFNANA“

Hvorug þessara tillagna var höfð til hliðsjónar í frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands sem mælt var fyrir á Alþingi 11. apríl 2006. Þar lagði frummælandi (menntamálaráðherra) áherslu á að með lagasetningunni væri fyrst og fremst verið að setja safninu ramma svo að stíga mætti fyrsta skrefið af mörgum við að byggja það upp, þ.e. að móta stefnu um það í samráði við ráðuneyti og fagaðila á þessu sviði. Það gæti tekið tíma en fyrst að því loknu væri hægt að huga að húsnæði og því um líku. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis með frumvarpinu var sömuleiðis tekið fram að samkvæmt upplýsingum menntamálaráðuneytis lægju engar áætlanir fyrir um uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafnsins. Ekkert lægi t.d. fyrir um fjölda og samsetningu starfslíðs og því væru ekki forsendur til að áætla kostnað við rekstur safnsins. Reikna mætti þó með því að safnið yrði ekki rekið með færri en 4–6 starfsmönnum að lágmarki og gæti árlegur rekstrarkostnaður þá numið 30–50 m.kr. Engar forsendur væru til að meta rekstrarkostnað safnsins eftir að það hefði fengið framtíðarhúsnæði en hugsanlega gæfu fjárveitingar til hinna höfuðsafnanna vísbendingu.

## ENGAR ÁÆTLANIR UM UPPBYGGINGU OG REKSTUR

Að mati Ríkisendurskoðunar er hér enn ein vísbending þess að ekki hafi verið nægilega vel vandað til undirbúnings Náttúruminjasafns Íslands. Æskilegt hefði verið að meginstefna þess hefði legið fyrir þegar frumvarp til laga um það var lagt fram ásamt tíma-settri áætlun um uppbyggingu þess og rekstur. Ljóst er að með því að efna til safnsins var ekki verið að tjalda til einnar nætur. Þar var ríkið að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga sem taka þyrfti tillit til í langtímaáætlunum ríkisins.

## UNDIRBÚNINGUR ÓNÓGUR

## 3 REKSTUR NÁTTÚRUMINJASAFNSINS

### 3.1 UPPHAF STARFSEMI

Hinn 8. maí 2007 var forstöðumaður (safnstjóri) Náttúruminjasafns Íslands skipaður í embætti til fimm ára og tók hann til starfa 1. júlí sama ár. Í erindisbréfi hans frá 1. febrúar 2008 kemur m.a. fram að hann sé stjórnandi safnsins og ábyrgur fyrir rekstri og starfsemi þess, honum beri að framfylgja lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem um stofnunina gildi á hverjum tíma og stýra starfsemi hennar í samræmi við erindisbréfið, m.a. ráða starfsmenn og hafa yfirumsjón með húsakynnum safnsins og eignum. Þá skuli hann einnig móta stefnu safnsins og langtímaáætlun þar sem lýsa skuli stefnumiðum um þróun og helstu verkefni stofnunarinnar til allt að fimm ára. Leggja skuli tillögur að slíkri áætlun fyrir menntamálaráðherra. Þá er þess að lokum getið að safnstjóri beri ábyrgð á að starfsemi og rekstur safnsins sé í samræmi við árangursstjórnunarsamninga sem stofnunin gerir við menntamálaráðuneyti á hverjum tíma og kveða á um áherslur og mælikvarða í starfsemi safnsins sem og gagnkvæmar skyldur samningsaðila vegna þeirra verkefna sem safninu hafa verið falin.

Fyrsta starfsár safnsins var safnstjóri eini starfsmaður þess og hafði hann lengst af skrifstofuaðstöðu á Túngötu 14 þar sem safnið var til húsa fram á mitt ár 2010 þegar það flutti inn í hluta af gömlu Loftskeytastöðinni á Melunum sem er í eigu Þjóðminjasafnsins og hýsir einnig fjarskiptasafn þess. Í apríl 2008 var annar starfsmaður ráðinn í fullt starf og vann hann fram í desember þess árs. Í stað hans var svo nýr starfsmaður ráðinn vorið 2009 og er hann enn að störfum. Þá unnu sumarstarfsmenn við að skrá gripi og vinna að heimasíðu safnsins árin 2010 og 2011.

Enn sem komið er hefur starfsemi safnsins einkum falist í að undirbúa og vinna að stefnumótun fyrir safnið og hafa nú þegar fimm drög að slíkri stefnu verið unnin (sjá síðar). Ekkert þeirra hefur þó hlotið samþykki mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þá hefur nokkur tími farið í að kynna sér rekstur náttúruminjasafna bæði innanlands og erlendis og koma á tengslaneti. Loks hefur nokkur vinna farið í að safna náttúrumunum (fiskum og fuglum) og koma þeim í sýningarhæft form. Í árslok 2011 átti safnið um 6.000 gripi en margir þeirra munu reyndar ekki henta til sýninga. Enn hefur hins vegar hvorki tekist að ganga frá samstarfssamningi við Náttúrufræðistofnun né skiptingu þeirra náttúrumuna sem sú stofnun varðveitir þótt einhverjar þreifingar hafi átt sér stað um slíkt. Þá hefur safnið enn ekki sett upp sýningar og er raunar óvíst að það takist að svo stöddu þar sem bæði sýningarhúsnæði og fjármunir eru af skornum skammti.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur enn ekki gert árangursstjórnunarsamning við safnið og komið með þeim hætti á framfæri sjónarmiðum sínum um áherslur í starfi safnsins og hvernig beri að meta árangur þess. Samkvæmt upplýsingum ráðu-

UMBOD OG ÁBYRGÐ  
SAFNSTJÓRA

STARFSEMI SAFNSINS  
FYRSTU ÁRIN



neytisins frá 20. janúar 2012 stafar þetta af því að rétt þótti „að bíða með gerð slíks samnings þar til stefnumótun um starfsemi þess lægi fyrir, enda ekki hægt að byggja á hefðum eða fyrri reynslu“.

Í ársbyrjun 2011 voru á hinn bóginn unnin drög að samkomulagi ráðuneytis og safns vegna árána 2011–13, m.a. með tímasettum starfsáföngum og tölulegum markmiðum. Þau hafa þó ekki verið staðfest með undirritun. Ráðuneytið hefur líka tekið þátt í vinnu að stefnumótun fyrir safnið og brugðist við þeim drögum sem samin hafa verið. Þau viðbrögð gefa til kynna að safnstjóri og ráðuneyti séu ekki að öllu leyti samstiga. Þá má segja að ráðuneytið hafi komið á framfæri mati sínu á starfsemi safnsins og árangri þegar það tilkynnti safnstjóra þess 3. nóvember 2011 að embætti hans yrði auglýst laust til umsóknar frá og með 8. maí 2012, þ.e. þegar fimm ára skipunartíma hans lyki. Í því sambandi var vísað til 5. gr. laga um Náttúruminjasafn Íslands og 2. mgr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Slíkur háttur er fátíður í íslenskri stjórnslu nema lög kveði sérstaklega á um að staða skuli auglýst með reglubundnum hætti, forstöðumaður ákveði sjálfur að segja starfi sínu lausu eða gerist brotlegur í starfi. Ekkert slíkt mun eiga við í tilviki Náttúruminjasafns Íslands. Heimild ráðuneytisins til að auglýsa stöðuna verður þó vissulega ekki dregin í efa.

## STAÐA SAFNSTJÓRA AUGLÝST AÐ NÝJU

### 3.2 FJÁRVEITINGAR TIL SAFNSINS

Framlög ríkissjóðs til Náttúruminjasafns Íslands námu alls 119,1 m.kr. á árunum 2007–11, þ.e. að jafnaði tæpum 24 m.kr. á ári. Í fjárlögum ársins 2012 er gert ráð fyrir svipuðu framlagi árið 2012, þ.e. 22,1 m.kr. Stærsti hluti þessara fjármuna (um 90%) hefur farið í launa- og húsnæðiskostnað og er því ljóst að litlu hefur verið kostað til að undirbúa sýningar eða annars konar miðlun. Af 97,6 m.kr. framlögum árána 2007–10 var 21 m.kr. raunar felld niður þar sem féð hafði ekki verið nýtt, þ.e. 16,7 m.kr. á árinu 2009 og 4,3 m.kr. á árinu 2010. Þetta er í samræmi við vinnureglu fjármálaráðuneytis um ráðstöfun uppsafnaðra fjárheimilda í árslok.

## FJÁRVEITINGAR VANNÝTTAR

3.1 Rekstur Náttúruminjasafns Íslands árin 2007–11 í m.kr.					
REIKNINGUR	FRAMLÖG	SÉRTEKJUR	GJÖLD	AFG. / HALLI	NIÐURFELLT
2007	14,0		6,5	7,5	
2008	31,3		19,0	12,3	
2009	27,0	0,8	23,9	3,9	16,7
2010	25,3	0,9	27,9	-1,7	4,3
2011*	21,5	1,6	23,2	-0,1	
<b>ALLS</b>	<b>119,1</b>	<b>3,3</b>	<b>100,5</b>	<b>21,9</b>	<b>21</b>
<b>FJÁRLÖG</b>					
2012	22,1				

\* SKV. REKSTRARSPÁ

Þar sem í hlut á ný stofnun í uppbyggingu vekur nokkra athygli að Náttúruminjasafnið skuli ekki hafa nýtt fjárveitingar sínar betur en raun ber vitni. Samkvæmt upplýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 20. janúar 2012 munu starfsmenn þess þó á

árunum 2008–09 ítrekað hafa bent safnstjóra á að nýta fjárheimildir til að hefja uppbyggingarverkefni, svo sem vefsíðugerð. Safnstjóri hefur fyrir sitt leyti bent á að dráttur á samþykkt stefnumörkunar og óvissa með húsnæði hafi valdið töfum á ýmiss konar vinnu, m.a. við gerð heimasíðu, þarfagreiningu og hönnun sýninga. Tilheyrandi útgjöld hafi því frestast. Að öðru leyti taldi hann heppilegt að fara varlega með féð og áleit að það nýttist betur síðar, þ.e. þegar kæmi að því að standsetja húsnæði, kaupa safna- og sýningarbúnað, hanna sýningar og fjölga starfsfólki.

## AFLEIÐING EFNAHAGSHRUNSINS 2008

Eins og tafla 3.1 sýnir hafa ríkisframlög til Náttúruminjasafnsins farið stíglækkandi allt frá árinu 2008. Þetta skýrist vissulega að nokkru leyti af almennum samdrætti í ríkisrekstri á undanfórnum árum sem afleiðing efnahagshrunsins 2008. Í þessu sambandi hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti m.a. bent á að það hafi orðið að leggja til um 1,2 ma.kr. niðurskurð til listastofnana og safna á árunum 2010–12. Sömuleiðis má geta þess að framlög ríkissjóðs til Þjóðminjasafns Íslands lækkuðu úr 508,5 m.kr. árið 2008 í 381,7 m.kr. í fjárlögum 2012. Framlög til Listasafns Íslands stóðu á hinn bóginn nánast í stað, þ.e. hækkuðu úr 154,7 m.kr. árið 2008 í 159 m.kr. í fjárlögum 2012.

## FORGANGSRÖÐUN STJÓRNVALDA

Framlög ríkisins til Náttúruminjasafnsins vitna þó líka um forgangsröðun stjórnvalda. Samkvæmt upplýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 20. janúar 2012 hefur það metið fjárhagshorfur fyrir uppbyggingu Náttúruminjasafns á síðustu árum svo „að minni skaði hlytist af því að seinka áformum um uppbyggingu safnsins fremur en að halda óbreyttri uppbyggingaráætlun og skerða á móti framlög til annarrar menningarstarfsemi að sama skapi. Alþingi staðfesti þessa stefnu með samþykkt fjárlaga“.

## VÆNTINGAR STJÓRNVALDA

Loks virðast fjárveitingarnar gefa til kynna mat stjórnvalda á starfsemi safnsins og væntingar þeirra til þess. Í því sambandi má geta þess að 7. mars 2011 fór safnstjóri Náttúruminjasafnsins fram á 67,6 m.kr. viðbótarfjárveitingu árið 2012 til að standa undir stækkun og rekstri húsnæðis (7,4 m.kr), undirbúningi, uppsetningu og rekstri sýningar (43,2 m.kr.) og fjölgun starfsmanna (17 m.kr.). Ráðuneytið féllst ekki á þessa áætlun og taldi að hægt væri að setja upp sýningu með minni tilkostnaði. Í bréfi til Ríkisendurskoðunar frá 20. janúar 2012 benti ráðuneytið einnig á „að umrædd ósk [safnstjóra] hafi verið ótímabær vegna þess að stefnumörkun fyrir starfsemi safnsins lá ekki fyrir, og að engar aðrar forsendur væru til slíkrar aukningar framlaga til safnsins, á sama tíma og stjórnvöld fylgdu stefnu um strangt aðhald og niðurskurð í ríkisútgjöldum“. Eins og fram hefur komið samþykkti Alþingi síðan 22,1 m.kr. heildarfjárveitingu til safnsins árið 2012. Í því fólst um 0,4 m.kr. lækkun frá árinu 2011 að frádregnum launa- og verðlagshækkunum. Ljóst er því að starfsemi safnsins mun ekki verða eins og að var stefnt árið 2012, m.a. hljóta að vakna efasemdir um fyrirhugaða sýningu.

Ljóst er að enn er óravegur í að Náttúruminjasafnið standist fjárhagslegan samanburð við önnur höfuðsöfn, enda vart við öðru að búast þegar umfang þess er haft í huga. Áður nefnd viðmið fjármálaráðuneytis frá árinu 2006 um lágmarksumfang þess (4–6 starfsmenn; 30–50 m.kr. gjöld) eru einnig langt undan. Með slíkum rekstri yrði safnið þó vart öflugra en náttúrustofunnar sem starfræktar eru víðs vegar um landið. Í því sambandi má geta þess að rekstrarkostnaður margra þeirra mun hafa verið á bilinu 60–70 m.kr. á árinu 2010 og starfsmenn milli 4 og 6. Samkvæmt fjárlögum 2012 munu framlög ríkisins til þeirra sjö stofa sem njóta framlaga Alþingis verða á bilinu 14,7–24,4 m.kr. árið 2012.

### 3.3 STEFNUMÓTUN FYRIR SAFNIÐ

Samkvæmt 5. gr. laga um Náttúruuminjasafn Íslands skal safnstjóri móta stefnu þess. Í erindisbréfi hans kemur einnig fram að hann skuli vinna að gerð langtímaáætlunar þar sem lýst skal stefnumiðum um þróun og helstu verkefni stofnunarinnar til allt að fimm ára. Eins og fram hefur komið hefur drjúgur hluti af starfstíma safnstjóra farið í að undirbúa og vinna að stefnumótun fyrir safnið sem ráðherra hefur þó enn ekki staðfest. Þessi vinna hófst fyrir alvöru í marsbyrjun 2008 þegar menntamálaráðherra skipaði 8 manna stýrihóp til að vinna að stefnumótuninni og var safnstjóri formaður hans. Í stýrihópnum voru að auki tveir starfsmenn tilnefndir af menntamálaráðuneyti og einn fulltrúi eftirfarandi aðila: Náttúrufræðistofnunar Íslands, safnmanna, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar. Capacent ráðgjöf var stýrihópnum til aðstoðar. Markmið hópsins var „að móta stefnu um grunnþætti safnastarfs Náttúruuminjasafnsins og stöðu þess í íslensku menningarlífi“. Mælst var til þess að hann lyki störfum fyrir 16. júní 2008.

**MIKILL TÍMI FARIÐ Í  
STEFNUMÓTUNAR-  
VINNU**

Fyrstu drögum að stefnumótun fyrir Náttúruuminjasafn Íslands var skilað 18. júní 2008 og tóku þau til áranna 2008–13. Auk lýsinga á hlutverki, framtíðarsýn og gildi safnsins, þáverandi stöðu, sérstöðu og tækifærum, fyrirhuguðum rannsóknum, sýningum og miðlun voru þar m.a. tímasettir áfangar allt til ársloka 2013 þegar safnið átti að vera komið í fullan rekstur í nýbyggðu húsnæði. Jafnframt voru þar lýsingar á ytri og innri markmiðum safnsins ásamt skilgreindum mælikvörðum til að meta árangur.

**FYRSTU DRÖG AÐ  
STEFNU FRÁ 18.  
JÚNÍ 2008**

Með drögnum fylgdi bréf frá formanni stýrihópsins (safnstjóra) til ráðherra þar sem ráðuneytið var beðið um að taka afstöðu til þeirrar tímaáætlunar sem lögð var fram í áætluninni og veita starfslíði umboð til framkvæmda. Jafnframt var óskað eftir því að hafin yrði vinna við þarfagreiningu fyrir safnið með hliðsjón af tímaáætluninni, að staðsetning fyrirhugaðs safnhúss yrði ákveðin svo að markviss uppbygging gæti hafist, að hafnar yrðu viðræður við Náttúrufræðistofnun um skiptingu safngripa og samstarf, að mörkuð yrði stefna um skil á sýnum og náttúrugripum til safnsins og að mörkuð yrði stefna um að ljúka gerð miðlægrar vefsíðar um náttúru landsins.

Athugasemdir ráðuneytisins við drögin bárust réttu ári síðar, þ.e. 10. júní 2009. Þá hafði safnstjóri ýtt á eftir viðbrögðum í nokkur skipti og m.a. vakið athygli á því að ekki væri hægt að hefja vinnu við þarfagreiningu fyrr en stefnumörkun lægi fyrir. Athugasemdir ráðuneytisins beindust helst að því að í stefnunni væri ekki gert ráð fyrir meiri samvinnu við Náttúrufræðistofnun en aðrar vísindastofnanir, eins og lög gerðu ráð fyrir. Þá var gerð athugasemd við að safnið ráðgerði að fara inn á verksvið þeirrar stofnunar í rannsóknum sínum í stað þess að beina þeim að „afleiddum rannsóknum og rannsóknum tengdum beint við miðlunarhlutverk safnsins“. Ennfremur var talin ástæða til að breyta uppröðun kafla og flytja sýningar og miðlun fram fyrir rannsóknir o.fl. Af athugasemdum ráðuneytisins má því ráða að það hafi viljað leggja meiri áherslu á miðlun upplýsinga en rannsóknir.

**ATHUGASEMDIR  
RÁÐUNEYTISINS FRÁ  
10. JÚNÍ 2009**

Á hinn bóginn er í athugasemdunum í engu vikið að tímaáætluninni, þ.m.t. tímasetningum vegna uppbyggingar á framtíðarhúsnæði safnsins. Þar var því ekki á neinn hátt

slegið á væntingar safnstjóra um bættan húsakost innan tiltölulega skamms tíma. Í þessu sambandi skal þess einnig getið að í umræðum á Alþingi um væntanlegt safn og í öllum frumvarpsdrögum vegna laganna var alltaf látið að því liggja að koma ætti upp veglegu náttúruminjasafni. Hafa ber þó í huga að fjárveitingar eru aðeins til eins árs í senn og langtímaáætlun hvorki var né er fyrir hendi.

## ATHUGASEMDUM SVARAÐ

Um það bil mánuði eftir að ráðuneytið skilaði athugasemdum sínum við fyrstu stefnumótunardrögin sendi safnstjóri skrifstofustjóra ráðuneytisins bréf þar sem farið var yfir athugasemdirnar. Vegna athugasemda um samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands var á það bent að í lögum væri kveðið á um að stofnunin væri bakhjarl safnsins og því hefði ekki verið talin ástæða til að ítreka það frekar. Að auki hefði starfsmaður Náttúrufræðistofnunar og tveir starfsmenn ráðuneytisins setið í nefndinni sem vann drögin og hefðu þeir ekki gert athugasemdir.<sup>1</sup> Þá var áréttað að safnið hygðist ekki fara inn á starfssvið Náttúrufræðistofnunar, þ.e. hygðist ekki stunda grunnrannsóknir. Á hinn bóginn væri flokkunarfræði rannsóknir á starfssviði safnsins og oft einu rannsóknirnar sem unnar væru á slíkum söfnum. Þær væru því ómissandi þáttur í starfsemi sérhvers náttúruminjasafns. Að auki áréttaði safnstjóri að ljúka þyrfti stefnumótunarvinnunni hið fyrsta svo að hægt væri að gera samstarfssamning við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðra.

Næstu drög að stefnumótun fyrir árin 2009–14 voru send ráðherra 24. september 2009 og var þar leitast við að taka tillit til þeirra athugasemda sem gerðar höfðu verið við fyrstu drögin. Þessi drög að stefnumótun voru endurskoðuð í ráðuneytinu, samþykkt af ráðherra með tilteknum athugasemdum og send safnstjóra þann 21. janúar 2010 til kynningar og athugasemda. Þann 16. apríl sama ár sendi hann ráðherra þriðju drög að stefnu safnsins, nú fyrir árin 2010–15, sem hann sagði hafa verið lagfærða í samræmi við lög og tillögur ráðuneytisins. Hann benti engu að síður á að hann teldi ýmislegt ganga illa upp, m.a. væri hann ósammála því að vera ekki í samstarfi við Háskóla Íslands sem væri að hans áliti mun mikilvægari aðili en Náttúrufræðistofnun bæði vegna nálægðar og þekkingar á öllum sviðum náttúrunnar.

## TILLÖGUR RÁÐUNEYTIS Í 10 LIÐUM

Þann 22. september 2010 fékk safnstjóri enn sendar athugasemdir ráðuneytisins við drög að stefnumótun. Þar kom fram að farið hefði verið ítarlega yfir drögin innan ráðuneytisins auk þess sem leitað hefði verið til utanaðkomandi aðila. Enn var bent á ýmis atriði sem hafa þyrfti í huga við endurskoðun á drögnum og voru þau talin upp í tíu liðum. Meðal annars var bent á að skilgreina þyrfti betur en gert væri hugtök á borð við „náttúra“ og „náttúruminjar“, að hlutverk safnsins væri skilgreint mun þrengra á fræðilegum grunni en löggin gerðu ráð fyrir, að gera þyrfti grein fyrir meginráttum þess nána samstarfs við Náttúrufræðistofnun Íslands sem lög kvæðu á um, umfangi þeirra vísindasafna Náttúrufræðistofnunar sem ættu að verða önnur helsta undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi og rannsókna safnsins og ástandi þess safnkosts. Jafnframt var óskað

---

<sup>1</sup> Í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis til Ríkisendurskoðunar frá 20. janúar 2012 er því haldið fram að fulltrúar ráðherra hafi verið í minnihluta starfshópsins „því þeir töldu að of langt væri gengið í að reyna að skapa safninu stöðu sem sjálfstæðrar rannsóknastofnunar og of mikil áhersla væri lögð á að safna gripum“. Síðar segir „má líta á það sem mistök að hálfu þessara fulltrúa ráðuneytisins að hafa ekki gert skriflega fyrirvara við skjalið“.

eftir því að safnstjóri ynni að breytingum á fyrirbyggjandi drögum að stefnu fyrir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands í góðu samstarfi við starfsmenn ráðuneytisins.

Á grundvelli þessara athugasemda voru unnin enn ein drög að stefnumótun, að hluta til í samvinnu við starfsmenn ráðuneytisins. Stefnan náði nú til ára 2011–16 og var fyrst send ráðuneytinu 27. apríl 2011 og síðan í endurskoðaðri gerð 30. ágúst sama ár. Eins og önnur drög að stefnumörkun geymdu þessi tímasetta áfanga, nú allt til ársloka 2016 þegar safnið á að vera komið í fullan rekstur í nýju húsnæði. Ráðuneytið fór yfir drögin og fundaði með safnstjóra um málið en hefur hvorki lokið mati sínu á þeim né staðfest þau í ársbyrjun 2012. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur seinagangur við að samþykkja stefnu fyrir safnið hamlað starfsemi þess verulega.

Af gögnum málsins er ljóst að illa hefur gengið að samræma hugmyndir safnstjóra og ráðuneytisins um Náttúruminjasafnið, m.a. um samstarf við Náttúrufræðistofnun, forgangsöðun verkefna og hvers eðlis rannsóknir safnsins skuli vera. Þá hefur augljóslega ekki verið samræmi milli lögbundinna verkefna safnsins og þeirra fjárveitinga sem það hefur fengið og nýtt til framkvæmda. Af fjárveitingunum má reyndar ráða að ekki hafi verið gert ráð fyrir umfangsmiklum eða kostnaðarsömum verkefnum á fyrstu starfsárum safnsins. Ráðuneytið hefur líka frá upphafi lagt meiri áherslu á miðlunarhlutverk þess en rannsóknarskyldu eða söfnun gripa. Þetta kemur t.d. beint og óbeint fram í athugasemdum ráðuneytisins við drög að stefnumótun fyrir safnið sem og í öðrum samskiptum þess við safnstjóra. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði ráðuneytið strax eftir samþykkt laganna átt að taka af öll tvímæli um hvernig starfsemi safnsins yrði hagað fyrstu árin.

### 3.4 SKIPTING SAFNMUNA

Segja má að Náttúruminjasafn Íslands hafi byrjað starfsemi sína með tvær hendur tómar. Eins og fram hefur komið kveða lög þó á um að safnkostur þess sé „ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar“ undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi þess og rannsókna. Þar er þess einnig getið í ákvæði til bráðabirgða að gripir sem við gildistöku laganna tilheyra Náttúrufræðistofnun Íslands og hafa „fyrst og fremst sýningargildi“ skuli eftir gildistöku laganna vera á forræði Náttúruminjasafnsins samkvæmt samkomulagi stofnananna. Ekkert er þó fjallað um það hvað felist í orðinu „sýningargildi“ né hvenær eða hvernig skuli standa að skiptingu gripa.

Í þeim gögnum sem Ríkisendurskoðun hafði aðgang að kemur skýrt fram að safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands hefur allt frá upphafi talið mikilvægt að safnið eigi sjálft þá gripir sem það notar í grunnsýningar en hafi þá ekki að láni frá öðrum aðilum. Án þess geti það ekki gegnt hlutverki sínu. Lánsgrípri nýtist einungis í skammtímasýningar. Í minnisblaði hans til menntamálaráðherra frá 8. desember 2008 skipti hann æskilegum gripasöfnum safnsins í fernt: Rannsóknar- og heimildarsöfn sem séu að nokkru leyti hliðstæð vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar, kennslusöfn sem geymi gripir sem nemendur megi handfjatla, sýningarmuni, t.d. uppstoppuð dýr, steingervingar og steindir, og að lokum önnur söfn, m.a. líkön af náttúrugripum, kort og ljósmyndir.

**STAÐFEST STEFNA  
LIGGUR ENN EKKI  
FYRIR**

**ILLA GENGID AÐ  
SAMRÆMA  
HUGMYNDIR  
RÁÐUNEYTIS OG  
SAFNSTJÓRA**

**SAFNIÐ EIGI GRIPI  
TIL GRUNNSÝNINGA**

## BEIÐNI UM HLUT- LAUSA ÚTTEKT Á GRIPASÖFNUM

Í bréfi safnstjóra Náttúruminjasafnsins til menntamálaráðherra frá 18. júní 2008, þar sem kynnt voru fyrstu drög að stefnumótun fyrir safnið, var lögð áhersla á að æskilegt væri að hafnar yrðu viðræður við Náttúrufræðistofnun um skiptingu safngripa og samstarf. Í minnisblaði til menntamálaráðuneytis frá 10. nóvember 2008 fór safnstjórinn þess sérstaklega á leit við ráðuneytið að það hefði aðkomu að því að skipta gripum milli stofnananna tveggja. Síðan þá hefur hann endurtekið þessa beiðni formlega í nokkur skipti. Í bréfi til ráðuneytisins frá 29. júní 2010 hvatti hann t.d. til þess að hlutlausir aðilar gerðu úttekt á þeim gripasöfnum sem Náttúrufræðistofnun varðveitir, um hvaða gripi væri að ræða, ástand þeirra og hvort þeir væru nauðsynlegir fyrir starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Jafnframt var lagt til að þeir gripir sem Náttúrufræðistofnun ynni ekki með í rannsóknum sínum yrðu fluttir til Náttúruminjasafnsins ásamt því gripasafni sem Hið íslenska náttúrufélag byggði upp og færði íslenska ríkinu að gjöf árið 1947. Af frumvarpi til laga um safnið má ljóst vera að allt frá upphafi var a.m.k. gert ráð fyrir að síðarnefndu gripirnir rynnu til þess.

Safnstjóri Náttúruminjasafnsins útfærði nánar slíka skiptingu náttúrugripa í uppkasti að samkomulagi stofnananna um samstarf sem forstjóra Náttúrufræðistofnunar var sent 16. september 2010. Þar kom jafnframt fram að safnstjóri taldi sig hafa aðstöðu til að taka á móti gripunum, varðveita þá og sýna.

Í gögnum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti sjást þess engin merki að beiðni safnstjóra Náttúruminjasafnsins um aðkomu að skiptingu náttúrumuna hafi verið svarað formlega. Af þeim má raunar helst ráða að ráðuneytið skipi söfnun og raunverulegu eignarhaldi safnsins á gripum skör lægra en aðgengi þess að þeim, sýningu og annarri miðlun. Lán á gripum frá Náttúrufræðistofnun komi því í sama stað niður og yfirtaka gripa. Hinn 30. september 2010 svaraði forstjóri Náttúrufræðistofnunar á hinn bóginn bréfi safnstjóra frá 16. september og lýsti sig reiðubúinn til að ræða um fyrirhugað samstarf og forræði og varðveislu sýningargripa með það fyrir augum að ganga frá samstarfssamningi fyrir árslok. Einn fundur fór fram í lok október sama ár þar sem farið var yfir helstu mál. Samkvæmt minnisblaði safnstjóra var sá fundur „að mörgu leyti ágætur“. Hann leiddi þó ekki til neinnar niðurstöðu og ekkert framhald varð á viðræðum stofnananna. Telja verður að þar hefði safnstjóri átt að hafa frumkvæði.

Ljóst er að umrædd skipting náttúrumuna er ekki vandalaus. Sömuleiðis er einsýnt að umræðan um hana hefur haft veruleg áhrif á samskipti forstöðumanna stofnananna tveggja sem báðir vilja hlut stofnunar sinnar sem mestan. Safnstjóri Náttúruminjasafnsins hefur lagt á það áherslu að „þau gripasöfn sem fylgt hafa og safnað hefur verið í nafni opinbers náttúrugripasafns þjóðarinnar verði hluti af Náttúruminjasafni Íslands“, svo að vitnað sé í minnisblað hans til ráðherra frá 8. desember 2008. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar hefur á hinn bóginn fullyrt að nær allir þeir munir sem stofnun hans varðveitir séu vísindagripir og að „hið eiginlega náttúrugripasöfn sem rætur á að rekja til safns Hins íslenska náttúrufræðifélags [sé] kjölfestan í starfsemi Náttúrufræðistofnunar“, svo að vitnað sé í ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar fyrir árið 2009. Erfitt eða útilokað er að samræma þessi viðhorf svo að vel sé. Ljóst er líka að skil milli vísinda- og sýningargripa verða alltaf óljós enda geta sömu gripir haft bæði vísinda- og sýningargildi. Hér þurfa stjórnvöld því að taka af skarið í stað þess að láta forstöðumenn stofnananna standa í langvinnnum deilum sem lítil eða engin von er að leiði til nokkurrar niðurstöðu.

## AÐGENGI AÐ GRIPUM EÐA EIGNARHALD?

## STJÓRNVÖLD TAKI AF SKARIÐ

## 4 FRAMTÍÐ NÁTTÚRUMINJASAFNSINS

Þótt Náttúruminjasafn Íslands hafi nú starfað í hátt á fimmta ár er það að mörgu leyti enn á upphafsreit með óvissa framtíð fyrir höndum. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf mennta- og menningarmálaráðuneyti að taka sem fyrst ákvörðun um hvað á að verða um safnið. Þar koma nokkrir möguleikar til greina sem ekki þurfa í öllum tilvikum að útiloka hver annan:

1. Að halda áfram rekstri Náttúruminjasafns Íslands sem sérstakri stofnun.
2. Að gera tímabundið hlé á starfsemi safnsins og meta þá möguleika sem eru fyrir hendi.
3. Að sameina Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.
4. Að tengja Náttúruminjasafnið eða sameiginlega stofnun þess og Náttúrufræðistofnunar Íslands Háskóla Íslands.
5. Að endurverkja hugmynd um Náttúruhús.

### 4.1 ÁFRAMHALDANDI REKSTUR

Eins og þegar hefur komið fram hefur rekstur Náttúruminjasafns Íslands verið í algjöru lágmarki þau ár sem það hefur starfað. Miðað við fjárlög 2012 eru engar breytingar á því í auglýsingu. Engar líkur eru heldur á því að fé fái á næstu árum til að byggja nýtt hús fyrir safnið og gera því kleift að taka við, forverja, varðveita, skrá, rannsaka og sýna náttúrugripi, eins og lög gera ráð fyrir. Miðað við óbreyttan rekstur virðast möguleikar safnsins fyrst og fremst felast í því að koma upp litlum og einföldum sýningum sem kosta lítið, annaðhvort í því bráðabirgðahúsnæði sem það hefur til afnota eða öðru leiguhúsnæði, og nýta þar þann safnkost sem það hefur viðað að sér fyrstu fimm starfsárin og þá lámsgripi sem falir eru. Eins gæti safnið hægt og bitandi kynnt sig út á við með bættri vefsíðu og efnt til samstarfs við þau náttúrufræðisöfn sem starfrækt eru innanlands.

Ljóst er hins vegar að Náttúruminjasafnið mun með þessu móti tæpast uppfylla laga-skyldur sínar sem fullgilt safn næstu árin, hvað þá að standa undir kröfum og væntingum sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Óbreytt ástand er því á engan hátt viðunandi og mælir Ríkisendurskoðun ekki með því. Verði safninu haldið áfram úti sem sérstakri stofnun er nauðsynlegt að efla það verulega, setja því raunhæfa stefnu og markmið sem bæði mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjárveitingarvaldið styðja með ráðum og dáð, tryggja eðlilegt samstarf þess við Náttúrufræðistofnun Íslands sem vísindalegan og faglegan bakhjarl þess eða eyða þeirri skörun sem er milli stofnananna tveggja og gera safninu faglega og fjárhagslega kleift að sinna þeim meginverkefnum

**NOKKRIR KOSTIR Í STÖÐUNNI**

**ÓBREYTT ÁSTAND ÓVIÐUNANDI**



sem lög gera ráð fyrir. Þetta krefst þess að allir leggist á eitt og stefni einhuga að sama marki. Það verður t.d. ekki talið ásættanlegt að safnið verji tíma sínum og fé í að safna að sér náttúrugripum sem Náttúrufræðistofnun Íslands eða aðrar ríkisstofnanir hafa þegar yfir að ráða. Slíkt er einungis soun á almannafé.

## 4.2 TÍMABUNDIÐ HLÉ

Þegar haft er í huga að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur ákveðið að auglýsa stöðu safnstjóra Náttúruminjasafnsins lausa til umsóknar er eðlilegt að ráðuneytið kanni vel þann möguleika að gera tímabundið hlé á rekstri safnsins til að unnt sé að fara vandlega yfir stöðuna eins og hún blasir nú við. Þar væri eðlilegt að leita jafnt til sérfræðinga innan mennta- og menningarmálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og fjármálaráðuneytis sem og sérfræðinga í safnamálum. Eins og Náttúruminjasafnið er hugsað er því ætlað að starfa um ókomin ár. Þess vegna þarf að vanda til verksins, jafnvel þótt það taki nokkurn tíma. Mikilvægast er að framtíðarsýnin sé ljós og að sett séu raunhæf markmið og faglegar og fjárhagslegar áætlanir til að gera hana að veruleika. Þá þarf einnig að tryggja að þekktar hindranir komi ekki í veg fyrir að sett markmið náist.

## 4.3 SAMEINING VIÐ NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN

Sú hugmynd virðist hafa nokkurn hljómgrunn meðal safnafólks og annarra sem láta sig málefni Náttúruminjasafns Íslands varða að rétt sé að sameina safnið Náttúrufræðistofnun, hugsanlega undir heitinu „Náttúruvísindastofnun Íslands“ eða „Náttúruvísindasafn Íslands“, og skapa þannig eina sterka heild sem lyti einum stjórnanda og einu ráðuneyti. Slík sameining væri vissulega í takt við þá stefnu núverandi ríkisstjórnar að fækka stofnunum og sameina eðlisskyld verkefni. Færa má fyrir því rök að af þessu gæti orðið bæði faglegur og fjárhagslegur ávinningur sem m.a. fælist í samnýtingu húsnæðis og tækja til rannsókna, geymslu og forvörslu og þeirra sérfræðinga sem vinna á stofnununum. Með þessu yrðu einnig úr sögunni sú skörun verkefna sem óneitanlega er milli stofnananna og það vandamál sem felst í því að skipta þeim náttúrugripum sem Náttúrufræðistofnun varðveitir. Um leið þyrfti þó að tryggja að lögboðnum verkefnum Náttúruminjasafnsins yrði sinnt með sómasamlegum hætti.

Ljóst er að þessi hugmynd gæti hugnast Náttúrufræðistofnun Íslands en í ársskýrslu hennar fyrir árið 2008 fjallaði forstjóri hennar almennt séð um hagræðingu og hugsanlega samvinnu eða sameiningu stofnana ríkisins. Í því samhengi ræddi hann m.a. um nýstofnað Náttúruminjasafn og yfirtöku þess á hluta af sýningar- og fræðsluhlutverki Náttúrufræðistofnunar með tilkomu safnalaga. Jafnframt benti hann á þá miklu skörun sem væri á verksviðum stofnananna. Af þeim sökum væri brýnt að skilgreina vel verkaskiptingu þeirra eða sameina stofnanirnar aftur en halda safninu og meginverkefnum þess sem sjálfstæðri rekstrareiningu. Þeirri hugmynd hefur einnig verið varpað fram hvort ekki ætti að reisa hús yfir safnið við hlið húsnæðis Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti og nýta þannig nálægðina við hana.

Meginannmarkar slíkrar sameiningar eru einkum tveir, annars vegar sá að stofnanirnar heyra ekki undir sama ráðuneyti, hins vegar sá að staðsetning Náttúrufræðistofnunar er að margra áliti óheppileg fyrir safn sem m.a. vill höfða til ferðamanna. Að mati

SETJA ÞARF RAUN-  
HÆF MARKMIÐ OG  
SKÝRAR ÁÆTLANIR

FAGLEGUR OG  
FJÁRHAGSLEGUR  
ÁVINNINGUR  
SAMEININGAR



Ríkisendurskoðunar eru þessi mál ekki óyfirstíganleg ef vilji er fyrir hendi. Slíkt kostaði að vísu nána samvinnu umhverfisráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem bæði þyrftu að hafa aðkomu að starfsemi Náttúrufræðistofnunar. Sömuleiðis þyrfti að endurvekja samband stofnunarinnar við safnaráð. Þá þyrftu sýningarsalir ekki nauðsynlega að vera á sama stað og rannsóknaraðstaðan, sé Urriðaholt í raun og veru óheppileg staðsetning, þótt vitaskuld væri ákveðið hagræði fólgið í að öll starfsemin væri á einum stað.

#### 4.4 SAMVINNA / SAMRUNI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Víða um lönd er löng og mikil hefð fyrir því að öflugir háskólar standi að rekstri náttúruminjasafna, iðulega í tengslum við náttúrufræðideildir skólanna og aðrar rannsóknarstofnanir á sviði náttúrufræða. Þetta á t.d. bæði við um Kaupmannahafnarháskóla og Háskólann í Ósló og hefur slík samtvinnun verið talin góð bæði fyrir rannsóknar- og safnaþáttinn. Áður var vikið að áformum Háskóla Íslands frá 5. áratug síðustu aldar að byggja sérstakt hús fyrir þáverandi náttúrugripasafn sem einnig nýttist skólanum til kennslu og hugmynd ráðuneytisfólks um Náttúruminjasafn Íslands sem „sammengi margra vísindastofnana“ í nánu samstarfi við Háskóla Íslands. Í „Stefnu Háskóla Íslands 2011–16“, sem samþykkt var í háskólaráði 17. desember 2010, kemur einnig fram áhugi á því að efla samstarf skólans við helstu söfn þjóðarinnar með það fyrir augum að auka aðgang að gagnasöfnum þeirra og aðstöðu til náms og rannsókna.

**HEFÐ FYRIR AÐ  
HÁSKÓLAR REKI  
NÁTTÚRUMINJA-  
SÖFN**

Ekki er að efa að slíkt samstarf myndi nýtast íslenskum söfnum vel, ekki síst litlum og veikburða einingum á borð við Náttúruminjasafn Íslands sem óneitanlega skortir mjög faglegan stuðning í starfi sínu. Af þessum sökum hefur safnstjóri Náttúruminjasafnsins raunar lagt talsverða áherslu á að mynda tengsl við Háskóla Íslands, m.a. hefur hann samið drög að samstarfssamningi þessara stofnana (dags. í september 2011) „um söfnun, varðveislu, öflun og miðlun þekkingar og um rannsóknir á starfssviði safnsins“. Þar er m.a. bent á að hlutverk safnsins fari á mörgum sviðum saman við hlutverk Háskóla Íslands og að samstarf þessara aðila geti komið þeim báðum til góða. Í því samhengi er ekki aðeins vikið að rannsóknum og kennslu Háskólans í náttúruvísindum, safnafræði, kennslufræði og öðrum greinum sem tengjast hlutverki safnsins heldur einnig að því rannsóknar- og kennslutæki sem náttúruminjasafnið gæti verið.

Að mati Ríkisendurskoðunar ber mennta- og menningarmálaráðuneyti að kanna vel þann möguleika að efla samstarf Náttúruminjasafns Íslands og Háskóla Íslands eða gera safnið jafnvel að formlegum hluta skólans í nánum tengslum við rannsóknarstofnanir verk- og náttúruvísindasviðs, Jarðvísindastofnun og Líffræðistofnun. Kostur slíks samstarfs felst m.a. í því að þar með héldist yfirstjórn safnsins innan mennta- og menningarmálaráðuneytis. Vel má reyndar hugsa sér að Náttúrufræðistofnun tæki þátt í slíku samstarfi og yrði þegar fram líða stundir ein af meginstöðum sjálfstæðrar háskólastofnunar á sviði náttúruvísinda sem einnig sæi um rekstur safns.

**SAFNIÐ SEM  
FORMLEGUR HLUTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS?**

#### 4.5 STOFNUN NÁTTÚRUHÚSS

Kjósi mennta- og menningarmálaráðuneyti að staldra við og íhuga stöðu safnsins er eðlilegt að einnig sé hugað að nokkurra ára gamalli hugmynd um Náttúruhús. Um þá

hugmynd var fjallað í nefnd (NNN-nefndinni) sem menntamálaráðherra skipaði árið 1989 og skilaði skýrslu á árinu 1990. Samkvæmt tillögum hennar var gert ráð fyrir að stofnað yrði sérstakt félag um Náttúruhús í eigu ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Aðkoma fleiri aðila kom þó einnig til álita að mati nefndarmanna. Í húsinu áttu að vera Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrusafn í nánun sambýli við rannsóknir og kennslu Háskóla Íslands á sviði líffræði og jarðfræði, auk þess sem gert var ráð fyrir að Hið íslenska náttúrufræðifélag fengi þar inni með starfsemi sína. Gert var ráð fyrir að hús undir starfseminu risi í Vatnsmýrinni og að ársverk við rekstur Náttúrusafnsins yrðu 12 en ársverk við Náttúrufræðistofnun 20. Þegar umhverfisráðuneytið var sett á fót var enn skipaður starfshópur sem endurskoðaði skýrslu NNN-nefndarinnar og lagði fram nýja skýrslu í nóvember 1991.

Í báðum skýrslunum var gert ráð fyrir að bygging undir starfseminu hýsti bæði Náttúrufræðistofnun og safn. Málið strandaði hins vegar þegar fjárlaganefnd Alþingis samþykkti ekki tillögu ríkisstjórnarinnar um að veita verkefninu framlag í fjárlögum. Þar með drógu Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands sig út úr samkomulaginu. Að mati Ríkisendurskoðunar er ástæða til að kanna hvort þessir aðilar hafa áhuga á að endurvekja hugmyndina og hverjir væru kostir hennar og gallar. Ljóst er t.d. að laga þyrfti hana að gerbreyttri aðstöðu Náttúrufræðistofnunar í nýjum húsakynnum í Urriðaholti.

## 4.6 FRAMTÍÐARSÝN MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

Í bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 9. nóvember 2011 óskaði Ríkisendurskoðun eftir svörum ráðuneytisins við eftirfarandi spurningum:

1. Hvað hefur áunnist í starfsemi Náttúruminjasafns Íslands síðan það tók til starfa? Er ráðuneytið sáttt við þann afrakstur?
2. Hefur ráðuneytið gengið frá áætlun um uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafns Íslands, eins og fjármálaráðuneyti kallaði eftir í umsögn sinni [við frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands]? Hafi það verið gert óskar Ríkisendurskoðun eftir afriti af henni.
3. Hvað gerir ráðuneytið ráð fyrir miklum kostnaði vegna starfsemi Náttúruminjasafns Íslands á næstu árum?
4. Hver er framtíðarsýn ráðuneytisins á uppbyggingu og rekstur Náttúruminjasafns Íslands, þ.e. hvernig telur ráðuneytið æskilegast að safnið þróist á komandi árum? Hver ættu að vera helstu verkefni þess? Á hvað ætti það helst að leggja áherslu?

Svör ráðuneytisins bárust fyrst 11. janúar 2012 eftir ítrekaðar fyrirspurnir og óskir Ríkisendurskoðunar og hafði stofnunin þá þegar sent ráðuneytinu og Náttúruminjasafni Íslands drög að skýrslu til umsagnar með frest til að skila athugasemdum til 13. janúar.

Í svörum sínum bendir ráðuneytið á að það sem einkum hafi áunnist í starfsemi Náttúruminjasafnsins felist í tengslum þess við önnur söfn, þátttöku í samstarfi safna inn- og uterlands, viðtöku gjafa til safnsins og skráningu þeirra og nokkurri söfnun náttúruminja á eigin vegum. Ýmislegt annað hafi hins vegar ekki gengið sem skyldi:

Það er mat ráðuneytisins að gera hefði mátt ráð fyrir ríkari uppskeru af starfsemi safnsins á þeim tíma sem liðinn er frá gildistíma laga nr. 35/2007. Eftir fjögurra ára starfsemi þess er ljóst að safnið gegnir hlutverki sínu skv. 2. gr. laganna aðeins að litlum hluta. Þess hefði mátt vænta að safnið hefði verið gert sýnilegra í íslensku samfélagi en raunin hefur orðið. [...] Ganga hefði mátt frá samningum safnsins við N[áttúrufræðistofnun] Í[slands] og aðra samstarfsaðila, skapa vitund í samfélaginu um tilvist safnsins, m.a. með þátttöku þess í sameiginlegum verkefnum, opnun upplýsandi og fræðandi heimasíðu á veraldarvefnum, gerð fræðslu- og kynningarefnis um náttúruminjar, fyrirlestur í samstarfi við rannsóknarstofnanir og söfn, samvinnu um sýningarhald á öðrum stöðum o.s.frv.

## GERA HEFÐI MÁTT RÁÐ FYRIR RÍKARI UPPSKERU

Í svörum ráðuneytisins kemur fram að dráttur á stefnumótun fyrir Náttúruminjasafnið hafi valdið því að ekki hafi verið gengið frá áætlun um uppbyggingu safnsins og rekstur og áætlun um kostnað vegna starfsemi þess á næstu árum. Ráðuneytið væntir þess hins vegar „að safninu verði gert mögulegt að gegna stöðu sinni sem höfuðsafn skv. safnalögum og sinna með fullum sóma lögbundnu hlutverk sínu“.

Samkvæmt þessu og orðum núverandi mennta- og menningarmálaráðherra í *Fréttablaðinu* 2. desember 2011 má ráða að ekki er ætlunin að svo stöddu að hvika frá þeim hugmyndum um Náttúruminjasafn Íslands sem lög um það vitna um. Þar breyti engu þótt safnið megni ekki sem stendur að uppfylla lögbundnar skyldur sínar og ekki sé líklegt að fjárveitingar fáist á næstu árum til að byggja nýtt hús fyrir safnið:

## HALDIÐ Í UPPHAF- LEGAR HUGMYNDIR

Það er [...] engin ástæða í mínum huga að hverfa frá þeim fyrirætlunum sem settar eru fram í lögnum. Við verðum að horfa á málið frá efnahagslegum forsendum þjóðarinnar núna, en stefna ótraud að því að gera þetta eins og hugmyndir voru uppi um.

Spurð um þá skoðun hvort hugsanlega ætti að stíga skref til baka og færa sýningarþáttinn aftur undir Náttúrufræðistofnun svaraði ráðherra: „Ég hef ekki sérstaka sannfæringu fyrir því að sameina stofnanirnar aftur.“ Ráðherra lýsti á hinn bóginn þeirri skoðun sinni í umræðum á Alþingi 11. nóv. 2009 að skýra þyrfti skilin milli Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar.

Verði þetta sjónarmið ofan á er eðlilegt að haga væntingum og kröfum til Náttúruminjasafns Íslands í samræmi við það og að starfsmenn safnsins fái skýr skilaboð um rekstrarmöguleika þess á komandi árum. Mikilvægt er líka að þetta þýði ekki óbreytt ástand með þeirri óvissu sem einkennt hefur starfsemi safnsins allt frá því að það var sett á fót.

## SKÝR SKILABOÐ MIKILVÆG